



Selfossi, 3. júní 2009

**Aukaaðalfundar Sorpstöðvar Suðurlands bs.
haldinn 3. júní 2009 kl. 15:00 að Austurvegi 56, 3. hæð.**

Mætt:

Jón G. Valgeirsson Grímsnes- og Grafningshreppi, Margeir Ingólfsson Bláskógabyggð, Örn Þórðarson Sorpstöð Suðurlands, Margrét Sigurðardóttir Flóahreppi, Aldís Hafsteinsdóttir Hveragerði, Jón Hjartarson Árborg og Guðmundur Tryggvi Ólafsson Sorpstöð Suðurlands.
Ólafur Áki Ragnarsson Sveitarfélaginu Ölfusi boðaði forföll,

Stjórnarformaður Örn Þórðarson setti fund kl 15:00, Að tillögu hans var Þorvarður Hjaltason skipaður fundarstjóri og Guðmundur Tryggvi skipaður fundarritari. Var síðan gengið til dagskrár.

1. Tillaga um umhleðslu- og flokkunarstöð.

Örn Þórðarson skýrði frá málefnum Sorpstöðvar Suðurlands og lagði fram eftirfarandi tillögu:

Tillaga um umhleðslu- og flokkunarstöð.

„Aðildarsveitarfélög Sorpstöðvar Suðurlands bs. samþykkja að Sorpstöð Suðurlands bs. byggi umhleðslu- og flokkunarstöð ásamt því að kaupa tilskyldan búnað til rekstur slíkrar stöðvar samanber tillögur sem kynntar voru aðildarsveitarfélögunum 3. mars 2009.

Jafnframt skuldbinda aðildarsveitarfélögin sig til þess að skila því sorpi og endurvinnanlegum efnum sem þau hafa umráð yfir inn í umhleðslu- og flokkunarstöðina. „

2. Umræða og afgreiðsla tillögunar.

Fundarstjóri upplýsti um framkomin svör við framlagðri tillögu stjórnar og að þar hafi tillögunni meðal annars verið hafnað og þar af leiðandi sé tillagan felld.

Tillagan felld með 5 atkvæðum.

3. Önnur mál.

Þar sem tillagan var ekki samþykkt af öllum aðildarsveitarfélögun er ljóst að forsendur rekstaráætlana sem kynntar hafa verið eru brostnar og ekki hægt að fara af stað með framkvæmdir við umhleðslu- og flokkunarstöð.

Í ljósi þessarar niðurstöðu þá lagði formaður SOS fram eftirfarandi tillögu:

„Stofnaður verður starfshópur skipaður fulltrúa hvers aðildarsveitarfélags SOS og stjórn. Verkefni starfshópsins er að gera tillögur að samkomulagi um framtíðarskipan úrgangsmála á Suðurlandi. Brýnasta verkefni hópsins er að leita staðsetningar fyrir nýjan urðunarstað í stað Kirkjuferjuháleigu. Fyrsti fundur verður haldinn 19. júní og skal starfshópurinn hafa skila tillögum fyrir 10. september sem svo verða teknar fyrir á næsta aðalfundi SOS sem haldin verður 15.-16. október nk.“

Fundarstjóri opnaði fyrir umræður um tillöguna. Eftirtaldir tóku til máls við umræðu á tillögunni: Aldís Hafsteinsdóttir, Margrét Sigurðardóttir, Margeir Ingólfsson, Örn Þórðarson.

Tillaga samþykkt með öllum greiddum athvæðum.

Formaður þakkaði góða mætingu og sleit fundi.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:50